

Sp.

502. Fyrirspurn

[317. mál]

til dómsmálaráðherra um meint fjársvik í fasteignasölu o. fl.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvaða mál eru nú fyrir dómstólum sem lúta að meintum fjársvikum fasteignasala í fasteignaviðskiptum, hvar eru þau mál í dómskerfinu og hvernig hefur málarekstur gengið?
2. Hafa einhverjir aðilar, sem telja sig hafa verið svikna af fasteignasölum í fasteignaviðskiptum, leitað aðstoðar dómsmálaráðuneytisins og hvaða hjálp hefur dómsmálaráðuneytið þá getað veitt?
3. Hvaða aðgerðum er dómsmálaráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir til þess að auka eftirlit með fasteignasölu, t. d. þannig að fasteignasalar uppfylli í reynd öll þau skilyrði sem sett eru fyrir slíkri starfsemi?
4. Hvaða breytingar á lögum eða reglugerðum telur dómsmálaráðherra að gera þurfi til þess að tryggja betur en nú er ábyrgð þeirra sem fasteignaviðskipti stunda og réttarstöðu þeirra sem slíkrar þjónustu njóta?